

Mál nr. 43/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila 1 (V1)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Nafn varnaraðila 2 (V2)****Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis****Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.****Gögn.**

- Málskot mótttekið 29. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 26. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Athugasemdir málsaðila, dags. 3. mars 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Athugasemdir V, dags. 12. mars 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að kvöldið 7. desember 2023 hafi bifreiðinni EFL07 (A) verið ekið út af neðra bílaplani Seltjarnarneskirkju og til vinstri inn á Nesveg. Við vinstri beygjuna er bifreiðinni ekið yfir festingu (stubb) eftir umferðarskilti sem stóð upp úr umferðareyju þar við. Við það verður tjón á bifreiðinni. M, eigandi A, hefur krafist bóta vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu X hjá V1 á grundvelli sakarábyrgðar en einnig beinist málskotið að V2 þar sem bifreiðin er kaskótryggð. M hefur m.a. vísað til þess að ekki sé um umferðareyju að ræða heldur steypant kant á milli akreina í beygjuni og að lýsingu hafi verið ábótavant. Bifreiðinni hafi því ekki verið ekið utan akstursleiðar. Þá vísar M til þess að starfsmenn X hafi áður sett keilu á festinguna (stubbinn), sem ekki var til staðar á tjónsdegi. Byggir M m.a. á því að starfsmenn X hafi átt að festa keiluna (eða aðra merkingu) tryggilega til að vara ökumenn við kanti/stubb svo ekki verði tjóni. Þannig sé um að ræða mistök og sinnuleysi starfsmanna X sem hafi valdið tjóninu.

V1 hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að starfsmenn X hafi ekki sýnt af sér saknæma háttasemi. Starfsmenn X hafi sett keilu á festinguna (stubbinn) á umferðareyjunni til að vara við festingunni á meðan annað skilti var í pöntun, en annar ökumaur hafi ekið á skiltið nokkrum dögum áður. Starfsmenn X hafi því gert allt sem í þeirra valdi stóð til að forða tjóni á meðan X beið eftir nýju skilti til að setja á festinguna. Því megi ekki rekja tjónið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X. Þá áréttar V1 að umferð ökutækja á umferðareyjum sé óheimil, sbr. m.a. 17. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019. Af því leiði að ekki sé ekki hægt að gera þá kröfu á hendur X að hann tryggi að yfirborð umferðareyja séu þannig frágengin að gert sé ráð fyrir akstri ökutækja á þeim. Tjónið verði þannig eingöngu rekið til eigin háttsemi M sem gætti ekki nægilega að sér við akstur og ók upp á umferðareyju þar sem tjón varð á A. Loks vísar V1 til þess að ekkert í gögnum málsins bendi til eða sýni fram á að aðstæður hafi verið þannig að X hefði ekki átt að geta séð umferðareyjuna.

V2 lét sig ekki málið varða.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lítur að því hvort starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með því að hafa ekki gætt að því að festa keilu á ómerka festingu á umferðareyju þegar þeir fjarlægðu umferðarskilti af eyjunni. Í 17. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir að ökumenn skuli aka á akbraut og af því leiðir að ekki er hægt að ætlast til þess að starfsmenn X megi almennt sjá fyrir að ekið verði á umferðareyju. Af gögnum málsins má sjá að gangbraut er fyrir framan umferðareyjuna, ljósastaurar sitt hvorum megin og umferðareyjan um 4-5 metra frá því að beygt er út frá bílastæðinu. Þannig er ekkert í gögnum málsins sem sýni að aðstæður hafi verið þannig að M hefði ekki átt að geta séð umferðareyjuna. Því verður ekki séð að staðsetning festingarinnar eða aðrar aðstæður hafi verið með þeim hætti að starfsmenn X hafi mátt ætla að hætta væri á umferð ökutækja yfir umferðareyjuna. Með vísan til alls þessa verður ekki sýnt að aðstæður hafi verið með þeim hætti að starfsmenn X hafi þurft að gera sérstakar ráðstafanir til að festa keiluna eða merkja frekar festinguna, sem eftir var, þegar þeir

fjarlægðu umferðarskilti af umferðareyju. Þá verður ekki séð að X hafi vitað að keilan hafi verið farin af festingunni á umferðareyjunni á tjónsdegi. M á því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V1.

Hvað varðar kröfu M á hendur V2 um bætur úr kaskótryggingu þá verður ráðið af gögnum málsins að M hafi þegar fengið tjón sitt að fullu bætt úr kaskótryggingu hjá V2 í samræmi við skilmála tryggingarinnar. Þegar af þeirri ástæðu kemur krafa M á hendur V2 ekki til frekari skoðunar.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X, hjá V1.

Reykjavík, 23. apríl 2024

Sóley Ragnarsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Guðmundur St. Martinsson